

## **106. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn þriðjudaginn 9. september 2003, kl. 9:00 að Austurvegi 56, Selfossi.**

**Mættir:** Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Ólafur Áki Ragnarsson, Guðmundur Tr. Ólafsson og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri.

### **Dagskrá:**

- 1. Bréf frá Grímsnes- og Grafningshreppi, dags. 22. maí 2003, frá Bláskógabyggð, dags. 28. maí, frá Sveitarfélaginu Ölfusi, dags. 26. maí 2003, frá Sveitarfélaginu Árborg, dags. 8. maí 2003, frá Sorpstöð Rangárvallasýslu, dags. 23. maí 2003, frá Gaulverjabæjarhreppi, dags. 14. júlí 2003 og frá Ásahreppi, dags. 3. júní og 10. júlí 2003, varðandi nýjar samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands.**

Allir ofangreindir aðilar hafa staðfest samþykktina utan Ásahreppur sem óskað hefur nánari skýringa. Enn vantar bréf með staðfestingu frá nokkrum sveitarfélögum.

- 2. Bréf frá Umhverfissráðuneyti, dags. 24. júní 2003, þar sem óskað er umsagnar um drög að reglugerð um urðun úrgangs.**

Guðmundur Tryggvi gerði grein fyrir drögum að umsögn.

Stjórnin samþykkir að senda umsögn á grundvelli draganna með lítilsháttar breytingum.

- 3. Bréf frá Umhverfissráðuneyti, dags. 20. ágúst 2003, þar sem óskað er umsagnar um drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs.**

Guðmundur Tryggvi gerði grein fyrir drögunum.

Samþykkt að senda umsögn á grundvelli athugasemda sem fram komu.

- 4. Drög að samstarfssamningi við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja.**

Lögð fram til kynningar.

- 5. Bréf frá Gámaþjónustunni hf, dags. 23. júní 2003.**

Lagt fram.

6. **Bréf frá Umhverfissráðuneytinu, dags. 23. júní 2003, ásamt úrskurði ráðuneytisins um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpstöð Suðurlands.**  
Samkvæmt úrskurðinum stendur útgefið starfsleyfi óhaggað.
7. **Bréf frá Sveitarfélaginu Ölfusi, dags. 18. júlí 2003, varðandi hlutafjárkaup í Plastmótun ehf.**  
Lagt fram. Málið verður tekið til endurskoðunar ef forsendur breytast.
8. **Fundargerðir stjórnar Kjötmjöls ehf. frá 28. apríl, 11. júní, 14. ágúst og 28. ágúst sl.**  
Til kynningar.
9. **Móttaka sláturúrgangs í Kirkjuferjuháleigu.**  
Stjórnin samþykkir að settar verði reglur um meðhöndlun sláturúrgangs áður en hann kemur til urðunar.
10. **Deiliskipulag í Kirkjuferjuháleigu.**  
Fram kom hjá Ólafi að verið er að vinna að afgreiðslu deiliskipulagstillögu í bygginganefnd Ölfuss.

Fundi slitið kl. 11:35

*Einar Njálsson  
Ágúst Ingi Ólafsson  
Ólafur Ragnarsson  
Þorvarður Hjaltason*